

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/37/01		Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8019 – Advent International/Nuplex Industries)	1
2016/EES/37/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8018 – Sony Corporation of America/Sony-ATV Music Publishing)	1
2016/EES/37/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8032 – RAM/Termica Milazzo) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . .	2
2016/EES/37/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8069 – RCL Holdings Cooperatief/Springwater Capital/Royal Caribbean Holdings de España) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2016/EES/37/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8090 – Tencent Holdings Limited/Supercell Oy) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2016/EES/37/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8116 – Macquarie/Swiss Life/SGI Italia) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2016/EES/37/07		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7815 – Groupe Bouygues/ADP/Meridiam/Ravinala Airports)	6
2016/EES/37/08		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8010 – Irish Life/Aviva Health/GloHealth)	6
2016/EES/37/09		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8039 – Freudenberg/Vibracoustic)	7

2016/EES/37/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8040 – Silver Lake Group/Cegid Group)	7
2016/EES/37/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8041 – M&G/Anchorage/PHS Group Investments)	8
2016/EES/37/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8049 – TPG Capital/Partners Group/TH Real Estate Portfolio)	8
2016/EES/37/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8053 – AVIVA/Group CM-11/Office Building)	9
2016/EES/37/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8054 – 3i Group/Deutsche Alternative Asset Management/TCR CapVest)	9
2016/EES/37/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8079 – RPC Group/British Polythene Industries)	10
2016/EES/37/16	Ríkisaðstoð – Ítalía – Málsnúmer SA.38613 (2015/C) (áður 2015/NN) – Meint aðstoð við Ilva í skiptameðferð – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	10
2016/EES/37/17	Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	11

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/37/01

(mál M.8019 – Advent International/Nuplex Industries)

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004

Hinn 25. maí 2016 barst framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækjanna Advent International Corporation og Nuplex Industries Ltd. Tilkynnendur afturkölluðu tilkynninguna 22. júní 2016.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/37/02

(mál M.8018 – Sony Corporation of America/Sony-ATV Music Publishing)

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. júní 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Sony Corporation of America, („Sony“), bandarískt dótturfélag Sony Corporation í Tókýó í Japan mun öðlast helmingshlut í dánarbúi Michael Jackson og þar með full yferráð í bandaríska fyrirtækinu Sony/ATV Music Publishing LLP („Sony/ATV“), tónlistarútgáfufyrirtæki sem er, sem stendur, í sameiginlegri eign og lýtur yferráðum Sony og dánarbús Michael Jackson.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sony: stundar, beint og í gegnum dótturfyrirtæki sín, margvísleg viðskipti um allan heim, þ.m.t. rafeindavörur (t.d. hljóðmiðlun, myndmiðlun, sjónvörp, stafrænar myndavélar, einkatölvur og spjaldtölvur), afþreyingarþjónusta, (t.d. kvikmyndir, sjónvarpsefni, tónlistarupptaka, tónlistarútgáfa), fjármálaþjónusta og ýmis önnur viðskipti.
 - Sony/ATV: fyrirtæki á sviði útgáfu tónlistar. Auk þess að stýra eigin efnisframboði stýrir Sony/ATV alfarið efnisframboði EMI Music Publishing („EMI MP“) sem fyrirtækið DH Publishing, sem lýtur sameiginlegum yferráðum Sony og þriðja aðila, Mubadala Development Company PJSC, yfirtók árið 2012.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 242, 2.7.2016). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni mál M.8018 – Sony Corporation of America/Sony-ATV Music Publishing, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8032 – RAM/Termica Milazzo)

2016/EES/37/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. júní 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Raffineria di Milazzo S.C.p.A („RAM“), sem lýtur sameiginlegum yfirláðum ítölsku fyrirtækjanna Eni S.P.A („Eni“) og Kuwait Petroleum Italia S.p.A („Kupit“), öðlast með því að kaupa öll hlutabréf þess full yfirláð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í ítalska fyrirtækinu Termica Milazzo s.r.l. („Termica Milazzo“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - RAM: hlutafélagasamtök sem annast rekstur olíuhreinsunarstöðvar í Milazzo á Sikiley á Ítalíu.
 - ENI: fyrirtæki á heimsvísu sem starfar í ýmsum atvinnugreinum, s.s. rannsókn og vinnsla á jarðgasi og olíu ásamt framleiðslu og sölu á rafmagni.
 - Kupit, dótturfélag Kuwait Petroleum Corporation: starfar á olíumarkaðnum, innan viðskipta- og dreifingargeira olíu.
 - Termica Milazzo: starfar innan orkugeirans og annast rekstur á samþættu varmaorkuveri í Milazzo á Sikiley á Ítalíu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 244 5.7.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8032 – RAM/Termica Milazzo, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2016/EES/37/04****(mál M.8069 – RCL Holdings Cooperatief/ Springwater Capital/Royal Caribbean Holdings de España)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. júní 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem svissneska fyrirtækið Springwater Capital („Springwater“) og hollenska fyrirtækið RCL Holdings Coöperatief, U.A. („RCL Holdings Cooperatief“), bandarískt dótturfélag Royal Caribbean Cruises LTD („RCL“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í Royal Caribbean Holdings de España, S.L. („Royal Caribbean Holdings“), sem lýtur yfirráðum RCL að fullu, sem stendur.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Springwater: framtakssjóður með starfsemi á sviði eignasafna í fjölmörgum atvinnugreinum. Springwater veitir þjónustu á sviði farþegaflutninga í lofti undir vörumerkinu „Wamos Air“.
 - RCL: skemmtisiglingafyrirtæki sem annast rekstur ýmissa skemmtisiglingafyrirtækja á heimsvísu eða á tilteknum svæðum undir vörumerkjum: „Royal Caribbean International“, „Celebrity Cruises“, „Azamara Club Cruises“, „TUI Cruises“ og „Skysea Cruises“. RCL starfrækir þessi fyrirtæki á Spáni, Portúgal, Frakklandi og í öðrum ESB-löndum sem og í öðrum lögsagnarumdæmum utan ESB, nema „Skysea Cruises“ sem starfar aðallega í Kína.
 - Royal Caribbean Holdings de España: selur aðallega skemmtisiglingaferðir á Spáni, Frakklandi og Portúgal undir vörumerkjum Pullmantur og Croisières de France.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 242, 2.7.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8069 – RCL Holdings Cooperatief/Springwater Capital/Royal Caribbean Holdings de España, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8090 – Tencent Holdings Limited/Supercell Oy)

2016/EES/37/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. júní 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Tencent Holdings Limited („Tencent“, Cayman-eyjar) öðlast með hlutabréfakaupum full yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í finnska fyrirtækinu Supercell Oy („Supercell“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Tencent: býður upp á þjónustu á Netinu, einkum innan fjarskipta-, upplýsinga- og afþreyingargeirans. Tencent annast margs konar rafræna starfsemi, þ.m.t. Netþjónustu og þjónustu við verðmætaskapandi, rafræna auglýsingastarfsemi og rafræna viðskiptaþjónustu. Fyrirtækið þróar einnig og gefur út tölvuleiki og starfrækir miðlunarverkvanga.
 - Supercell: þróar og gefur út leiki fyrir farsamskiptatæki.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 242, 2.7.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8090 – Tencent Holdings Limited/Supercell Oy, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8116 – Macquarie/Swiss Life/SGI Italia)**

2016/EES/37/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. júní 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin MEIF 4 Luxembourg C. Holdings S.à.R.L., sem er endanlega í eigu ástralska fyrirtækisins Macquarie Group Limited („Macquarie“), og Swiss Life GIO II Eur Holding S.à.r.l., sem er endanlega í eigu svissneska fyrirtækisins Swiss Life Holding AG („Swiss Life“), öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í ítalska fyrirtækinu Società Gasdotti Italia Holding S.p.A. („SGI“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Macquarie: veitir bankaþjónustu, fjármálaþjónustu, ráðgjöf, fjárfestingarþjónustu og stjórnunarþjónustu um allan heim.
 - Swiss Life: starfar á sviði líftrygginga, áhættutrygginga, eftirlaunatrygginga og sjúkratrygginga sem og á sviði eignastýringar.
 - SGI Italia: óháður rekstraraðili flutningskerfis sem á takmarkaðan hluta í háþrýstleiðslu kerfi fyrir gas á Ítalíu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 246, 7.7.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8116 – Macquarie/Swiss Life/SGI Italia, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/37/07**
(mál M.7815 – Groupe Bouygues/ADP/Meridiam/Ravinala Airports)

Framkvæmdastjórnin ákvað 1. júlí 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M7815. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/37/08**
(mál M.8010 – Irish Life/Aviva Health/GloHealth)

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. júní 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8010. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/37/09**
(mál M.8039 – Freudenberg/Vibracoustic)

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. júní 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8039. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/37/10**
(mál M.8040 – Silver Lake Group/Cegid Group)

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. júní 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8040. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/37/11**
(mál M.8041 – M&G/Anchorage/PHS Group Investments)

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. júní 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8041. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/37/12**
(mál M.8049 – TPG Capital/Partners Group/TH Real Estate Portfolio)

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. júní 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8049. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/37/13**
(mál M.8053 – AVIVA/Group CM-11/Office Building)

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. júní 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8053. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/37/14**
(mál M.8054 – 3i Group/Deutsche Alternative Asset Management/TCR CapVest)

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. júní 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32016M8054. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stj. tíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2016/EES/37/15**
(mál M.8079 – RPC Group/British Polythene Industries)

Framkvæmdastjórnin ákvað 1. júlí 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32016M8079. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ríkisaðstoð – Ítalía

2016/EES/37/16

Málsnúmer SA.38613 (2015/C) (áður 2015/NN) – Meint aðstoð við Ilva í skiptameðferð

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum á Ítalíu, með bréfi dagsettu 13. maí 2016, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur áhugaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfarandi bréf birtist í Stjtið. ESB ([Stjtið. ESB C 241, 1.7.2016, bls. 12](#)). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid – Greffe
B-1049 Brussels
Belgium

Bréfasími: + 32 2 296 12 42
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Ítalíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni **2016/EES/37/17**

Umhverfissráðuneyti Póllands hefur auglýst útböð á sérleyfi til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni samkvæmt samningi um sérleyfi á grundvelli:

- 1) 2. mgr. 49. gr. h laga um jarðefni og námavinnslu (Lögbirtingarblaðið (*Dziennik Ustaw*) frá 2015, liður 196, með áorðnum breytingum),
- 2) reglugerðar pólskra stjórnvalda frá 28. júlí 2015 um útböð á sérleyfum til að leita að og rannsaka kolvatnslindir og að vinna kolvatnsefni, og sérleyfis til að vinna kolvatnsefni (Lögbirtingarblaðið frá 2015, liður 1171),
- 3) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ([Stjtið. EB L 164, 30.6.1994](#), bls. 3).

Auglýsingar voru birtar sem hér segir:

- Um leit og rannsókn á jarðgaslindum og vinnslu á jarðgasi á „Bytów“-svæðinu ([Stjtið. ESB C 239, 1.7.2016, p. 4](#))